

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 21/2013.

Reykjavík, 6.11.2013

2013110042

Efni: Innköllun á Ülker Hero Baby þurrmjólk vegna vanmerkinga.

Sanitas heildverslun ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað af markaði þrjár gerðir af Ülker Hero Baby þurrmjólk vegna þess að vörurnar eru ekki merktar með ákveðnum upplýsingum á íslensku (s.s. notkunarleiðbeiningum).

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörurnar sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: Ülker Hero Baby.

Vöruheiti: Bebek Sütü 1, Devam Sütü 2, Devam Sütü 3.

Strikanúmer: 8690504-550142, 8690504-550143, 8690504-550144.

Nettóþyngd: 500g.

Framleiðandi: Hero.

Framleiðsluland: Tyrkland.

Geymsluskilyrði: Þurrvara.

Dreifing: Verslun Iceland Engihjalla.

Þeir neytendur sem eiga umræddar vörur geta skilað þeim í verslun Iceland eða hjá Sanitas heildverslun ehf., Skútuvogi 3, 104 Reykjavík og fengið endurgreitt.

